

## Samningur nemenda GF um rafeindatækjanotkun haustönn 2012

Forsendur samkomulagsins eru, að nemendur geti haft rafeindatæki með í skólann til að:

- nota við námið,
- nota í frímínútum,
- hlusta á tónlist þegar við á.

Samningurinn er endurskoðaður árlega í samvinnu við nemendur 10. bekkjar.

- ✚ Nemendur hafa rafeindatæki með í skólann á eigin **ábyrgð**, nemendur og forráðamenn eru hvattir til að **tryggja** tækin.
- ✚ Við upphaf kennslustundar á að vera slökkt á öllum **tækjum**.
- ✚ Tækin má nota til náms og/eða til að **hlusta á tónlist þegar kennari leyfir**.
- ✚ Ef kennari leyfir nemendum að hlusta á tónlist **þarf tónlistina að "rúlla"** það er ekki tími til að leita og fletta.
- ✚ Nemendum er ekki heimilt að **hlaða niður efni** í gegnum nettengingu skólans.
- ✚ Engin **samskiptaforrit** eru opin meðan á kennslu stendur.
- ✚ Nemendur fara einungis á **vefsíður við hæfi** aldurs þeirra og þroska.
- ✚ Nemendur **ganga frá** tækjunum þegar þeir yfirgefa kennslustofuna, í lok tíma.
- ✚ Tækin eru ekki notuð **í matsalnum á matmálstímum** eða **úti á skólalóð í frímínútum**.
- ✚ Nemendur eru sammála um að nota ekki annarra manna tæki **án leyfis**.
- ✚ Við alla notkun tækjanna er sýnd virðing og tillitssemi s.s. **myndatökur og símanotkun**.

Við brot á þessum reglum er viðkomandi tæki komið í vörslu skólastjórnenda.  
Forráðamenn geta síðar nálgast tækin hjá þeim.

Undirskrift dags \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ samþykki hér með að fara eftir samningnum.

Nemandi

Forráðamaður

Starfsmaður skóla